

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2021, mánudaginn 28. júní kl. 13:00 var haldinn 307. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, sem tók þátt um fjarfundabúnað. Fulltrúi starfsmanna var ekki viðstaddur fundinn.

Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 306 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður undirrituð rafrænt.
2. Klukkan 13:10 mætti Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins og gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar, og lagði fram og fór yfir rekstraryfirlit janúar – maí 2021. Umræður.

Klukkan 13:30 mættu Kristjana Kjartansdóttir, forstöðumaður áhættustjórnunar og ferla og Dagmar I. Birgisdóttir, sérfræðingur í rekstraráhættu til fundarins og fóru ásamt Ingvari yfir rekstraráhættur, stöðu og áskoranir.

Áhættuskýrsla, dags. 21.06.2021, lögð fram.

3. Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfíx ohf. mætti til fundarins kl. 13:45 og lagði fram svohljóðandi tillögu dags. 28.06.2021.
Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir fyrir sitt leyti að stofnað verði nýtt rekstrarfélag um verkefni Carbfíx, hlutafélag Carbfíx hf., sem verði dótturfélag Carbfíx ohf. Jafnframt samþykkir stjórn fyrir sitt leyti að í framhaldinu verði stofnuð félög um einstök kolefnisförgunarverkefni. Samþykkt þessi er með fyrirvara um heimild hluthafafundar Carbfíx ohf. og eigendafundar OR.

Samþykkt samhljóða.

Lagt fram erindi Árnason Faktor f.h. Landsvirkjunar og HS Orku dags. 14. júní 2021. Umræður.

Edda Sif gerði grein fyrir hugmyndum um greiðslulíkan fyrir aðgang að hugverkum og aðferðum Carbfíx.

4. Lögð fram kynning Hólfríðar Sigurðardóttur umhverfisstjóra á samþættingu umhverfis- og auðlindastefnu og stefnu um vistvænar samgöngur til samþykktar.

Lagðar til að breytingar á stefnunum þannig að þær verði sameinaðar í eina umhverfis- og auðlindastefnu. Samþykkt.

5. Klukkan 14:53 mætti Kristjana Kjartansdóttir til fundarins og lagði fram til rýni gæðastefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Lagðar til nokkrar breytingar á stefnunni. Stefnan rýnd og samþykkt með breytingum.

6. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða dags. 16. júní 2021 og um forðagæslu, dags. 22. júní 2021. Umræður.
7. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 27. maí 2021, um starfsemina á milli stjórnarfunda. Umræður.
8. Önnur mál.
 - Lagt fram uppfært minnisblað Elínar Smáradóttur, dags. 21. júní 2021 sem er svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði, um greiðslur til starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:30

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 23. ágúst 2021.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Eyþór Laxdal Arndals, Hildur Björnsdóttir,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir,

Undirritunarsíða

Sigríður Rut Júlíusdóttir

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon

Eyþór Laxdal Arnalds

Hildur Björnsdóttir

Valgarður Lyngdal Jónsson

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Bjarni Bjarnason

Elín Björg Smáradóttir